



Laugahlíð Svarfaðardal

Kristján Sæmundsson

Greinargerð KS-81-01

Laugahlíð Svarfaðardal

Árið 1965 var boruð 180 m djúp hola í Laugahlíð. Hún gaf framan af um 2,7 l/s af 35°C heitu vatni úr æð í 105 m. Hiti í 160 m dýpi er 35,5°C, þar er holan stífluð. Í bréfi dags. 10. des. 1979 var greint frá niðurstöðum efnagreininga á lauga- og borholuvatninu. Var út frá þeim talið að þarna mætti ná allt að 50°C heitu vatni. Reikningarnir sem þessi niðurstaða var byggð á hafa verið endurskoðaðir og er útkoman sú að hiti í djúpkerfinu er um 40°C. Er það í betra samræmi við hitamælingu af borholunni og kollvarpar reyndar öllum vangaveitum um heitavatnsöflun til hitaveitu.